



## ÁRSSKÝRSLA 2016

Í þessari skýrslu er fjallað um hvernig staðið hefur verið að því að uppfylla samning milli Menntaskólans í Reykjavík og Menntamálaráðuneytisins fyrir árið 2016.

### **Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:**

Sameiginlegur fermetrafjöldi allra bygginga skólans er rúmlega 4700. Starfsemi skólans er í 10 byggingum þ.e. Gamli skólinn (aðalbyggingin), Fjósið, Casa Christí, Casa Nova, Tengibygging, Elísabetarhús, Amtmannsstígur, Ípróttahús, Ípaka og Villa Nova. Fasteignir ríkissjóðs tóku við viðhaldi MR 1. september 2011. Ípróttastaða, bókasafnsstaða og mötuneytisaðstaða nemenda gerir skólayfirvöldum ókleift að sinna lögboðnum skyldum á þessum sviðum. Meðaltalsfjöldi nemenda á vormisseri og haustmisseri var 853 nemendur. Fjöldi starfsmanna var 99.

## **Nemendafjöldi á vormisseri eftir sveitarfélögum**

	6. bekkur	5. bekkur	4. bekkur	3. bekkur	Alls	
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	%
Reykjavík	108	120	132	125	485	57
Seltjarnarnes	15	11	9	13	48	6
Hafnarfjörður	18	25	24	14	81	9
Kópavogur	21	17	36	33	107	13
Garðabær og Álftanes	20	29	11	19	79	9
Mosfellsbær	13	3	5	4	25	3
Aðrir	12	4	8	5	29	3
Alls	207	209	225	213	854	

## Nemendafjöldi á haustmisseri eftir sveitarfélögum

	6. bekkur	5. bekkur	4. bekkur	IV. bekkur	Alls	
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	%
Reykjavík	119	114	118	135	486	57
Seltjarnarnes	10	9	11	13	43	5
Hafnarfjörður	22	22	13	30	87	10
Kópavogur	16	33	33	30	112	13
Garðabær og Álftanes	28	11	17	23	79	9
Mosfellsbær	3	4	6	7	20	2
Aðrir	5	7	6	6	24	3
Alls	203	200	204	244	851	

### Námsframboð:

Skólinn bauð upp á nám á tveimur brautum til stúdentsprófs: náttúrufræðibraut og málabraut. Skólaárið 2015-2016 er þrettánda skólaárið þar sem námsframboð í efstu þremur árgöngum er miðað við aðalnámskrá frá 1999. Á fyrstu tveimur árum eru að mestu kenndar námsgreinar í kjarna á mála- og náttúrufræðabrautum. Í 5. og 6. bekk skiptast brautirnar þannig að á náttúrufræðibraut eru í boði eðlisfræðideild I, eðlifræðideild II, náttúrufræðideild I og náttúrufræðideild II. Á málabraut er skiptingin í fornmaladeild I, fornmaladeild II, nýmáladeild I og nýmáladeild II. Haustið 2016 var innritað í fyrsta skipti inn á nýja þriggja ára námsbrautir: málabraut og náttúrufræðibraut.

## Nemendafjöldi á vormisseri eftir kynjum og brautum/deildum

	6. bekkur				5. bekkur				4. bekkur		3. bekkur		Alls
	Forn	Ným	Eðl	Nát	Forn	Ným	Eðl	Nát	Mál	Nát	Mál	Nát	
Piltar	3	11	31	48	3	9	32	39	21	65	7	80	349
Stúlkur	5	16	16	77	8	17	17	84	32	107	20	106	505
Alls	8	27	47	125	11	26	49	123	53	172	27	186	854

## Nemendafjöldi á haustmisseri eftir kynjum og brautum/deildum

	6. bekkur				5. bekkur				4. bekkur		IV. bekkur		Alls
	Forn	Ným	Eðl	Nát	Forn	Ným	Eðl	Nát	Mál	Nát	Mál	Nát	
Piltar	3	8	31	38	6	9	31	30	7	78	4	84	329
Stúlkur	7	17	15	84	14	12	19	79	19	100	20	136	522
Alls	10	25	46	122	20	21	50	109	26	178	24	220	851

### Framkvæmd markmiða:

Skólinn hefur sett ýmis markmið hin síðustu ár en oftar en ekki hafa þessi markmið strandað á húsnæðismálum skólans.

Skólinn setti sér það markmið að efla stoðkerfi skólans og telur þau markmið vel á veg komin. Það byggist upp á öflugum samstarfi kennara, umsjónarkennara, námsráðgjafa, hjúkrunarfræðinga, forvarnarfulltrúa, stjórn foreldrafélagsins og skólastjórnar. Skólaárið 2016-17 er hjúkrunarfræðingur við hluta úr degi alla virka skóladaga nema þriðjudaga. Skólaárið 2016-17 er boðið upp á fasta stoðtíma, nk. 0 áfanga, í stærðfræði og íslensku fyrir IV. bekkina en svo nefnist árgangur nýnema í þriggja ára kerfinu og eru stoðtímar til að koma til móts við mismunandi undirbúning þeirra við upphaf skólagöngu hér.

Skólinn setti sér það markmið að efla umsjónarkennslu og telur sig hafa náð því markmiði vel. Umsjónakennar eru í miklu samstarfi við aðra kennara umsjónarbekkjans og er með fastan tíma fyrir umsjónarnemendum á stundatöflu.

Skólinn setti sér markmið að efla fjölbreytni og hollustu í mótuneyti nemenda. Það hefur gengið eftir að nokkru leyti en brýn þörf er á lagfæringu á aðstöðu mótuneytis nemenda en það er enn langt í land að þjónustuaðstaða þeirra geti talist viðunandi.

MR tekur þátt í verkefninu Heilsueflandi skóli.

Skólinn setti sér markmið að efla enn frekar þjónustu við nemendur af erlendum uppruna. Þessi þjónusta hefur tekist vel með fjárstuðningi frá ráðuneytinu og hafa þessir nemendur lýst ánægju sinni með þessa þjónustu.

Skólinn setti sér markmið að koma til móts við nemendur sem hafa áhuga á að glíma við þrautalausnir í stærðfræði. Þetta verkefni hefur gengið eftir og hafa nemendur sýnt því mikinn áhuga. Einnig hafa nemendur úr öðrum framhaldsskólum sýnt áhuga á að fá að taka þátt í þessu verkefni. Starfsemin fer fram í nokkurs konar æfingabúðum í skólanum á laugardögum. En þetta verkefni krefst mikils undirbúnings og vinnu. Á undanförunum árum hafa stærðfræðikennarar skólans sótt um styrk til ráðuneytisins til að halda þessu verkefni áfram og þróa það enn frekar og m.a. hefur var sótt um styrk úr Sprotasjóði en styrkumsókn- um hefur ávallt verið hafnað. Reynt verður enn og aftur að sækja um styrk til þessa verkefnis á yfirstandandi skólaári.

Skólinn hefur sett sér það markmið að efla verulega fornmálabraut sem er nú sú eina í boði í framhaldsskólum landsins. Skólinn hefur alltaf kappkostað að halda úti öflugri málabraut. Nemendum á málabraut býðst m.a. að sækja nám í fornmáladeild þar sem nemendur sækja m.a. nám í latínu, forngrísku, fornfræði, málvísindum, heimspeki og leikhúsfræðum og öðlast þannig menntun í hinum klassísku fornvísindum. Fagstjóri og kennarar fornmáladeildar vinna að eflingu brautarinnar sem mun verða í nýrri námskrá og er vonast til að ráðuneytið styrki skólann myndarlega til þess að unnt verði að bjóða upp á þessa sérstöðu sem hvergi er annars staðar í boði. Verður unnið að þessu markmiði áfram samhliða mótun nýrrar fornmáladeildar í nýja þriggja ára kerfinu. Skólaárið 2012-13 heiðraði frú Vigdís Finnbogadóttir fornmáladeild Menntaskólans í Reykjavík með því að gerast verndari hennar. Aðsókn að máladeild skólans hefur verið nokkuð jöfn undanfarin ár en að jafnaði hafa verið einn til tveir bekkir á málabraut en starfsfólk finnur fyrir auknum áhuga.

### **Umbótaáætlun eftir sjálfsmat:**

Í Menntaskólanum í Reykjavík er gæðanefnd skipuð rektor, konrektor og kennslustjóra sem ásamt gæðastjóra skipuleggur og stýrir sjálfsmati skólans. Í samræmi við skólasamning hefur verið útbúin sjálfsmatsskýrsla og sjálfsmatsáætlun sem eru birtar á heimasíðu skólans.

#### [Sjálfsmatsskýrslur og sjálfsmatsáætlanir Menntaskólans í Reykjavík](#)

Í apríl var gerð kennslukönnun á meðal allra nemenda skólans. Síðastliðin fimm ár hefur könnunin verið gerð rafrænt og var sami háttur hafður á að þessu sinni. Könnunin er viðhorfskönnun og er í tveimur hlutum. Sá fyrri snýr að kennslu og viðhorfi til kennara en hinn að aðbúnaði nemenda.

#### [Sjálfsmatsskýrsla Menntaskólans í Reykjavík 2015-16](#)

Á undanförunum árum hefur verið sérstakt átak í gangi til að að greina nemendur með lestrarörðugleika eða lestrarröskun. Í samstarfi við Menntamálaráðuneytið er unnið að skimun nýnema og er þessu frumkvæði ráðuneytisins fagnað. Nauðsynlegt er að aðstoða þá nemendur sem glíma við lestrarörðugleika eða lestrarröskun og gera kennurum kleift að sinna þeim eins og nemendum með sérþarfir í öðrum skólum. Þessum nemendum hefur verið boðið upp á sérstakt námskeið í stafsetningu og 30 mín. lengri próftíma á jóla- og vorprófum auk stoðtímanna sem eru í boði og eru nefndir hér að framan. Teljum við að auka þurfi þjónustu enn frekar við þessa nemendur í t.d. öllum stærri prófum og verkefnum. Hér er aðeins átt við nemendur með lesröskun en mun fleiri nemendur eru með greiningu vegna ýmissa sérþarfa og er nauðsynlegt að huga að áætlun til að koma til móts við sérhvern þeirra og gera skólanum kleift að sinna þannig lögboðinni skyldu sinni. Fullur áhugi er í skólanum til þess að vinna að þessu. Slík vinna krefst aukins fjármagns.

Niðurstöður jólaþróa voru teknar saman og kynntar á kennarafundi í upphafi vormisseris. Niðurstöðurnar gera stjórnendum og kennurum kleift að bera saman bekkir í einstökum greinum, greinar hjá einstökum bekkjum og jafnvel bera saman niðurstöður og fall miðað við fyrri ár. Umsjónarkennarar notuðu svo niðurstöður jólaþróa og samantektina þegar þeir tóku einstaklingsviðtöl við umsjónarnemendur sína. Viðtölin eru framkvæmd a.m.k. einu sinni á misseri og á

vormisseri er jólaprófsárangur nemenda sérstaklega skoðaður en þá er þeim, sem ekki hefur gengið sem skyldi, veitt sérstök ráðgjöf og reynt að beina þeim á rétta braut.

Tímaáætlanir og viðfangsefni innra mats er að finna undir liðnum 2.1 í Sjálfsmatsáætlun Menntaskólans í Reykjavík 2016-2017 á heimasíðu skólans.

[Sjálfsmatsáætlun Menntaskólans í Reykjavík 2016-17](#)

### Úttektir:

Menntamálastofnun lauk við ytri úttekt skólans á vormisseri 2016 en skýrslan er á heimasíðu skólans.

[Ytra mat 2016](#)

### **Tillögur rektors Menntaskólans í Reykjavík vegna skýrslu um ytra mat**

Undirrituðum barst bréf frá menntamálaráðuneytinu dags. 21. júní sl. Þar er meðal annars óskað eftir því að rektor Menntaskólans í Reykjavík sendi ráðuneytinu tímasetta áætlun um hvernig brugðist verði við þeim tillögum sem koma fram í skýrslu um úttekt á starfsemi Menntaskólans í Reykjavík fyrir 20. október 2016.

Eins og ráðuneytinu er væntanlega kunnugt um hefur tafist að koma ýmsum markmiðum í framkvæmd og er þá fyrst og fremst um að kenna húsnæðisskort og fjárskorti. Skólayfirvöld hafa árum saman átt samtál við ráðuneyti menntamála vegna fjárframlags á nemanda og hefur óskað eftir endurskoðun á þeim. Nemendur við Menntaskólann í Reykjavík eru og hafa verið ódýrastir allra nemenda á framhaldsskólastiginu árum saman og telja skólayfirvöld enga haldbæra skýringu á því. Fjárskortur hefur haft veruleg áhrif á framkvæmd flestra þeirra markmiða sem sett voru fram í ársskýrslunni og hefur það valdið skólayfirvöldum sem og öllu starfsfólki skólans miklum vonbrigðum.

Það hefur verið mikill hugur í mörgum að efla fornmáladeildina eins og gert var ráð fyrir í ársskýrslunni frá árinu 2014. Fyrirhugaðar breytingar kalla á vinnu margra, sérstaklega fagstjóra tungumála og fornfræða og eins er hugsanlegt að til að byrja með verði að gera ráð fyrir því að einhverjir hópar verði undir viðmiðunarstærðum. Skólinn hefur ekki mætt skilningi eða áhuga af hálfu ráðuneytisins. Rétt er að benda á að frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, hefur sýnt þessu máli mikinn áhuga og er nú verndari fornmáladeildar Menntaskólans í Reykjavík.

Samstarf við háskólastigið bæði við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík er og hefur verið töluvert og eru skólayfirvöld og starfsmenn skólans ánægðir með það samstarf sem þegar hefur komist á. Vonandi næst sá áfangi í vetur að koma á föstu sambandi um samstarf milli skólanna.

Á bls. 21 í skýrslunni er talað um tækifæri til umbóta. Nú þegar eru niðurstöður innra mats kynntar á heimasíðu skólans og hafa verið um nokkurt skeið og hefur verið vel að því

staðið. Öllum sem taka þátt í starfi skólans s.s. kennurum, nemendum, foreldrum og skólanefnd er bent á að skoða heimasíðu skólans þar sem þessi skýrsla ásamt öðrum skýrslum eru vel aðgengilegar.

Þátttaka nemenda í ráðum og nefndum er þegar til staðar. Nemendur eiga fulltrúa á skólaráðsfundum sem haldnir eru einu sinni í viku. Nemendur eiga fulltrúa á fundum skólanefndar. Þá er fulltrúum nemenda tilkynnt um skólafundi og hafa þeir þátttökurétt þar. Til stendur að fá fulltrúa nemenda í jafnréttisráð skólans.

Hvað varðar tillögu um formlega aðkomu nemenda að stefnumótun væri æskilegt að fá þetta atriði aðeins betur útfært af ráðuneytinu.

Verkefnið Heilsuefandi framhaldsskóli hefur verið kynnt nemendum og var meðal annars boðið upp á núvitundarnámskeið fyrir nemendur sl. vetur til að gefa þeim tækifæri á að tengjast verkefninu enn betur.

Tækifæri til umbóta sem eru tilgreind á bls. 25 eru öll í stöðugri vinnslu og uppfærslu. Þriðji liður fjallar um faglega endurgjöf á kennslu. Ráðgert er að þessi þáttur verði sérstaklega tekinn fyrir á vormisseri.

Tækifæri til umbóta sem tilgreind eru á bls. 27 eru ávallt í stöðugri endurskoðun og vinnslu. Gert er ráð fyrir að regla verði komin á uppfærslu upplýsinga um fundi og starfsemi foreldrafélagsins á heimasíðu skólans en þar hefur ávallt verið sagt frá því helsta sem er að gerast í starfsemi foreldrafélagsins. Foreldrafélaginu hefur ávallt verið velkomið að nýta heimasíðu skólans og þegar hefur verið rætt við stjórn þess um þessi atriði.

Hvað varðar hefðir þá er það samvinnuverkefni nemenda og skólayfirvalda og teljum við nauðsynlegt að nemendur fái að hafa áhrif. Engu að síður hafa skólayfirvöld breytt einstaka hefðum undanfarin ár með tilliti til öryggis nemenda og hafa bæði nemendur og kennarar tekið þátt í þeirri vinnu.

Á bls. 29 er fjallað um húsnæðismál skólans og fagna skólayfirvöld því sérstaklega hversu skorinort er fjallað um nauðsynlegar nýbyggingaframkvæmdir við skólann og taka heils hugar undir athugasemdir um bættan aðbúnað nemenda. Umbætur á húsnæðismálum skólans eru löngu orðnar tímabærar. Vísað er hér í greinargerð rektors með skólasamningi 2012.

### **Afkoma, rekstrarstaða:**

Rekstrarafgangur ársins 2016 er 9,3 milljónir en uppsafnaður rekstrarafgangur er 14,3 milljónir. Í meðfylgjandi fylgiskjali er að finna rekstraryfirlit ársins 2016 (sjá í sérstakri pdf-skrá) og niðurstöður úr rekstraráætlun fyrir árið 2017. Rekstrarafgangur skýrist að mestu leyti með miklu aðhaldi í eignakaupum skólans sem voru 2,6 milljónir í stað 9 milljóna. Fyrirhugaðri endurnýjun á skólahúsgögnum og tölvubúnaði var frestað til næsta fjárhagsárs.

Í rekstraráætlun eru eftirfarandi atriði lögð til grundvallar:

- a) Rekstrarstaðan hefur verið slæm undanfarin ár en kemur vel út á árinu. Kemur það til af ýmsum ástæðum. Mikils aðhalds verið gætt undanfarin ár í rekstri skólans. Ekki hefur enn verið ráðið í stöðu kerfisstjóra. Frestað var að fara út í endurnýjun á skólahúsgögnum og tölvubúnaði. Hollvinafélag Menntaskólans í Reykjavík stendur fyrir söfnun til að endurnýja tölvubúnað í einu af tölvuverum skólans og í framhaldi af því að styrkja uppsetningu þráðlauss nets fyrir nemendur og starfsfólk skólans. Einnig hafa afmælisstúdentar stutt skólann með myndarlegum hætti til tækjakaupa. Því eru eignakaup á árinu lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Nemendahópum hefur verið hagrætt eins og kostur er með því að hafa þá eins stóra og kennslustofur leyfa og er nýting á kennsluhúsnæði komin yfir þölmörk. Töluvert hefur verið skorið niður af verkstjórnartímum, yfirvinna kennara hefur verið markvisst skorin niður og miðað er við 20% hámark nema í undantekningatilvikum. Nýtt vinnumatskerfi kennara hefur valdið hækkun á yfirvinnu kennara. Æskilegt er að auka starfshlutfall tveggja námsráðgjafa skólans úr 80% í 100%. Fyrir þremur árum var aukið starfshlutfall konrektors úr 90% í 100% og starfshlutfall kennslustjóra úr 50% í 75% og aðstoðarmaður á bókasafni í 50% starfi ráðinn. Í samstarfi við Heilsugæslu Reykjavíkur er áfram boðið upp á þjónustu hjúkrunarfræðings við skólann fjóra daga vikunnar. Ræstingar eru áfram í umsjón starfsmanna skólans því hið nýja fyrirkomulag sem tekið var upp fyrir þremur árum hefur gefist vel. Starfshlutfall hjá starfsmanni með viðhaldsmál var lækkað fyrir fjórum árum. Helgareftirlit umsjónarmanns var fellt niður en nauðsynlegt er að taka það upp aftur. Reynt hefur verið að auka aftur fjármagn til stofnanasamnings kennara sem voru skertir vegna nauðsynlegrar hagræðingar í rekstri í kjölfar kreppunnar. Um síðustu áramót voru greiddir 500 tímar fyrir haustmiserið í heimavinnupotti en fyrir hrun voru greiddir 1000 tímar í heimavinnupott á ári og stefnt er að því að greiða 1000 tíma á árinu 2017.
- b) Rekstrarafgangur á árinu 2017 verður lítill en gert er ráð fyrir að mest allur rekstrarafgangur 2016 verði fullnýttur á árinu. Það er ánægjulegt að sjá í fjárlagafrumvarpi að einingaverð nemendaígildis hafi verið hækkað en því miður er verðið enn undir verðlagi launastikunnar sem notuð er til að meta kennslukostnað. Það er gert ráð fyrir óbreyttri tölu ársnemenda á árinu 2017 eða 865. Áætlun skólans gerir ráð fyrir að unnt verði að innrita um 250 nýnema á næsta ári. Rekstrarskilyrði eru erfið þar sem kennt er í litlum kennslustofum og húsnæðið er í mörgum byggingum sem veldur háum rekstrarkosntaði á mörgum rekstrarliðum eins og t.d. ræstingu og kyndingu og er þar ólíku saman að jafna ef húsnæðið væri allt undir einu þaki.
- c) Auk þess skal ítrekuð hér greinargerð frá því í hittifyrri þegar fagstjóri og íþróttakennarar skólans sendu rektor greinargerð vegna íþróttaaðstöðunnar. Í þeirri greinargerð er m.a. nefnt að íþróttasalurinn rúmar 10-15 nemendur til kennslu en flestir bekkir eru með 25-28 nemendur (eftir stærð skólastofa). Búningsherbergi, tröppur við íþróttasalinn, anddyrið og allt nærumhverfið er notað til að mæta þessu aðstöðuleysi. Má ljóst vera að þetta er hvorki viðunandi fyrir nemendur né kennara, auk þess sem erfitt eða vonlítið er að halda uppi viðurkenndum öryggisreglum í íþróttaiðkun við þessar aðstæður. Þessu til staðfestu er bent á nýfallinn dóm

Héraðsdóms Reykjavíkur vegna slysabóta til fyrrverandi nemanda skólans sem slasaðist við ípróttaiðkun í Hljómskólagarðinum á vegum skólans. Sturtuaðstaðan er óviðunandi og geymsluhúsnæði fyrir tækjakost takmarkaður sem kemur niður á kennslunni. Búningsherbergi á jarðhæð er þannig að mjög lágt er til lofts og ekki boðlegt fyrir meðalstóran nemanda að vera þar. Reynir fólk að halda ró sinni í þeirri von að farið verði í þær framkvæmdir sem fyrst sem geti breytt þessu ástandi. Fyrir fjórum árum var embættismönnum mennta- og menningarmálaráðherra boðið í heimsókn í skólann til að kynna sér þessar aðstaður. Það er ljóst að aðstaða jafn stórs nemendahóps og hér stundar nám er ekki boðleg og hvergi búa nemendur við jafn þröngan kost. Það er því ljóst að varanleg lausn fæst ekki fyrr en ráðist verður í þær nýbyggingar sem áformað er byggja við skólann en hönnun og undirbúningur til útboðs liggur fyrir í ráðuneytinu. Ráðuneytið hefur staðið fyrir að breyta fyrri hönnun miðað við einn verkþátt og var ný hönnun samþykkt í bygginga- umhverfisnefnd Reykjavíkur í desember 2015. Vonandi gefur það fyrirheit um að fljótlega verði ráðist í löngu tímabærar framkvæmdir.

- d) Í fjárlögum er gert ráð fyrir 865 ársnemendum á árinu 2017 en undir lok haustmisseris voru 846 nemendur í skólanum. Fjöldi útskrifaðra stúdenta í vor verður væntanlega 203. Það er því ljóst að unnt verður að innrita um 250 nemendur í vor. Rétt er að ítreka að kennslustofur skólans eru almennt þröngar og því óhægt um vik að hagræða frekar. Í fyrra voru innritaðir 245 nýnemar.
- e) Nú þegar er búið að nýta alla möguleika til sparnaðar.
- f) Innritunargjöld voru kr. 12.000 sl. haust. Æskilegt væri að rýmka þá heimild enn frekar og hækka innritunargjöld.
- g) Námsval nemenda verður takmarkað og deildir felldar niður náist ekki lágmarksfjöldi. Takmarka þarf námsframboð einkum í framboði valgreina til að draga úr launakostnaði vegna kennslu.
- h) Eitt árið enn voru nemendur MR reiknaðir lægstir í fjárlagafrumvarpi og eru það stjórnendum skólans mikil vonbrigði þar sem ég taldi að fyrirheit hafi verið gefin um að tekið yrði tillit til húsnæðisþáttar skólans og þá stoðþjónustu sem nemendum skólans stendur til boða. Hér eru 2 brautir og innan þeirra 8 deildir. MR býður upp á sterka náttúrufræðibraut með 4 deildum og öfluga málabraut með 4 deildum og mér virðist að hér sé nú eina starfandi fornmáladeildin á framhaldsskólastigi auk þess sem mjög fjölbreytilegt val í félagsgreinum er innan nýmálabrauta.
- i) Samsetning nemenda við MR er ekkert öðru vísi en í öðrum skólum. Í vetur eru í MR rúmlega hundrað nemendur eða 150 af 851 nemanda sem þurfa á einhvers konar séraðstoð að halda. Það er einnig rétt að benda á að hér eru nokkrir nemendur sem eru greindir með allt upp í þrenns konar raskanir eins og t.d. lesblindu, athyglisbrest og hamlandi prófkvíða. Hér fylgir með listi sem námsráðgjafar hafa tekið saman og rétt að geta þess að þessum hundrað nemendum fylgja greiningar. Hver nemandi er aðeins talinn einu sinni þótt hann hafi verið greindur með fleiri raskanir en eina.



### Sértækir námsörðugleikar:

40	Lesblindir
20	Löng dvöl erlendis
10	Tvítyngi
36	Hamlandi prófkvíði
10	Aðrir sértækir námsörðugleikar

### Taugasálfræðileg vandkvæði:

12	ADHD
2	Tourette
3	Þunglyndi og áfallastreituröskun
1	Einhverfuröskun
4	Hamlandi kvíði
2	Áráttu og þráhyggjuröskun
2	Hamlandi tilfinningaerfiðleikar

### Langvarandi veikindi / skerðing

2	Heymarskerðing
2	Sjónskerðing
4	Langvarandi veikindi

Við skólann eru í föstu starfi 2 námsráðgjafar í skertum stöðum eða samtals 160%. Álagið hjá námsráðgjöfum hefur verið út yfir öll þolmörk. Þessara staðreynda tel ég að verði að taka tillit til í útreikningi á kostnaðarverði hvers ársnemanda. Ég tel einnig rétt að benda á að skólinn heldur úti stöðtímum fyrir nemendur í íslensku, stærðfræði, efnafræði, eðlisfræði og latínu. Í haust voru stöðtímar í íslensku og stærðfræði fyrir nemendur IV. bekkjar skilgreindir sem sérstakir áfangar með samþykki ráðuneytisins og koma nú eins og í fyrra inn í áfangalista skólans. Auk námsráðgjafa eru hér starfandi nemendaráðgjafar sem eru valdir úr hópi nemenda í efri bekkjum til aðstoðar nemendum í yngri bekkjunum, n.k. jafningjaþjónusta og teljum við þá þjónustu verulega skilvirka.

### Brottfall

Síðastliðið vor gekk alls 851 nemandi undir próf, 644 remanentar og 207 dimittendi. Í vor voru brautskráðir 206 stúdentar, einn lauk ekki prófum. Af 644 remanentum stóðst 501 athugasemdalaust, en 115 þurftu að endurtaka próf í einstökum greinum. Eftir nám í sumarskólum og endurtektarpróf í haust er ljóst að 5,5 % nemenda hafa ekki náð lágmarki til að færast upp um ár. Þetta er svipað hlutfall og oft áður, var 5,5 % í fyrra - þessi tala hefur verið á bilinu 5-7% undanfarin ár. Brottfall nemenda er áfram lítið, á haustmisseri hættu 4 nemendur í skólanum og 1 á vormisseri. Um áramót fóru 13 nemendur í aðra skóla en flestir þeirra fóru í MH m.a. á tónlistarbrautina. Haustið 2016 hafa 4 hætt í skólanum. Ef gengið er út frá innritunartölum haustsins má sjá yfirlit yfir nemendatölur:

Haust	Innritun	Fjöldi í vorpróf	Fall á prófum	%	Brottfall	%
1999	830	773	61	7,9%	118	14,2%
2000	749	727	80	11,0%	102	13,6%
2001	747	712	62	8,7%	97	13,0%
2002	779	757	88	11,6%	110	14,1%

2003	814	785	47	6,0%	76	9,3%
2004	840	826	53	6,4%	67	8,0%
2005	850	825	23	2,8%	48	5,6%
2006	865	852	65	7,6%	78	9,0%
2007	877	861	45	5,2%	61	7,0%
2008	853	845	41	4,9%	49	5,7%
2009	905	891	44	4,9%	58	6,4%
2010	876	863	47	5,4%	60	6,8%
2011	894	863	47	5,4%	78	8,7%
2012	919	910	54	5,9%	63	6,8%
2013	897	867	44	5,1%	74	8,2%
2014	903	877	42	4,8%	68	7,5%
2015	871	851	46	5,4%	66	7,6%
2016	850					

Innritaðir nemendur í skólann um haustið voru 850 og skiluðu sér allir til náms. Í árslok voru í skólanum 846 nemendur.

Skólinn leitar leiða til að vinna gegn brottfalli með námsráðgjöf og umsjón með námshópum. Á undanförunum árum hefur verið gert sérstakt átak í að greina nemendur með lesröskun (áður er minnst á átaksverkefni Menntamálaráðuneytis). Er brýnt að finna farveg til að beina nemendum í ef grunur er um lestrarörðugleika eða aðrar sérþarfir. Full þörf er á samstarfi milli skóla og Menntamálaráðuneytisins um faglegt mat á erfiðleikum þeirra og hvernig megi aðstoða þá og gera kennurum kleift að sinna þeim eins og nemendum með sérþarfir í öðrum skólum. Hér er boðið upp á stoðtíma í íslensku í IV. bekk, stærðfræði í IV. og 4. bekk, efnafræði í 4. bekk og latínu í 4. og 5. bekk. Nauðsynlegt er að halda áfram að vinna að áætlun til að koma til móts við sérhvern nemenda og gera skólanum kleift að sinna þannig lögboðinni skyldu sinni. Fjárskortur hamlar verulega að koma þessum málum í viðunandi horf.

Skólinn fékk styrk til að aðstoða nemendur sem eru með erlent ríkisfang eða hafa dvalist um langan tíma erlendis. Þeim nemendum standa til boða vikulegir stoðtímar þar sem þeir fá aðstoð í náminu. Ráðuneytið hefur styrkt þetta og er mikil ánægja hjá nemendum sem þiggja þessa þjónustu.

Skólayfirvöld veita utanskólanemendum og óreglulegum nemendum mikið aðhald. Skýr ákvæði eru í skólareglum um slíkt nám. Gerður var sérstakur samningur við hvern nemanda sem sótti um að stunda nám utan skóla eða sem óreglulegur nemandi. Í þeim samningi eru talin upp ákvæði og skilyrði fyrir slíku námi. Þar er að finna ákvæði um lágmarksviðveruhlutfall í verklegu námi og símatsáföngum. Jafnframt var skilyrt að nemendur yrðu að standast jólaþróf til að samningur héldi til vors. 6 nemendur hafa fengið að sækja skólann skv. þessum reglum skólaárið 2016-2017. Hins vegar kallar svona fyrirkomulag á verulega endurskoðun þar sem allt utanumhald er of kostnaðarsamt.

### **Stjórnun:**

Yfirstjórn skólans mynda:

Rektor

Konrektor (90% starfshlutfall)

Kennslustjóri (75% starfshlutfall, hefur sambærilega starfslýsingu og áfangastjóri í áfangaskólum)

Eftirfarandi verkefnastjórar voru ráðnir til árs:

Prófstjóri

Gæðastjóri

Umsjónarmaður kennslukerfis

Vefstjóri með umsjón með gerð nýrrar heimasíðu skólans

Umsjónarmaður með námskrá

Til eins árs eru ráðnir:

Félagsmálafulltrúi

Forvarnafulltrúi

Reynt hefur verið að halda stjórnun skólans í algjöru lágmarki vegna fjárhagsstöðu skólans.

Við samanburð í yfirstjórnun við aðra skóla verður þetta alveg ljóst. Í samstarfi við

Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis er þjónustu hjúkrunarfræðings við skólann 70%. Þá er ljóst að nauðsynlegt verður að ráða fjármálastjóra í 50% stöðu að minnsta kosti.

### **Samvinna við aðra:**

Námskynningar eru haldnar á vormisseri fyrir alla skóla á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Eins er haldið opið hús fyrir nemendur 10. bekkja. Þar fer fram ítarleg kynning á skólanum og því námsframboði sem er hér.

Á undanförunum árum hefur samstarf milli skólans og nokkurra grunnskóla í hverfinu verið eft. Á árinu 2002 hófst samstarf við Hagaskóla og Valhúsaskóla en árið eftir bættust Austurbæjarskóli, Hlíðaskóli og Landakotsskóli við. Ákveðið var að halda stærðfræðikeppni fyrir grunnskólanemendur með því markmiði að efla áhuga nemenda í grunnskóla á stærðfræði og auka samstarf við grunnskóla. Keppnin var fyrstu árin haldin í samstarfi við Flensborgarskólann í Hafnarfirði. Að þessu sinni bættust við nemendur frá fleiri grunnskólum. Arionbanki var fjárhagslegur stuðningsaðili keppinnar með því að gefa verðlaunaféð. Að þessu sinni tóku þátt nemendur úr Austurbæjarskóla, Árbæjarskóla, Breiðholtsskóla, Foldaskóla, Grunnskólanum austan Vatna, Hagaskóla, Háaleitisskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla, Kársnesskóla, Kópavogsskóla, Landakotsskóla, Norðlingaskóla, Réttarholtsskóla, Tjarnarskóla, Valhúsaskóla, Varmárskóla, Vesturbæjarskóla og Vogaskóla. Stærðfræðikeppnin var haldin þriðjudaginn 8. mars í þremur stigum, keppni fyrir 8. bekk, 9. bekk og 10. bekk og tóku 344 þátt í keppninni. Með þátttöku í stærðfræðikeppninni í ár var slegið tvöfalt met því aldrei áður hafa jafnmargir nemendur tekið þátt í keppninni og aldrei áður hafa þeir komið frá jafnmörgum skólum en þetta árið komu þeir frá 19 skólum. Keppnin er orðin vinsæl í skólunum. 10 efstu á hverju stigi ásamt fjölskyldum þeirra var boðið til kaffisamsætis og verðlaunaafhendingar á Hátíðasal þar sem þeir fengu viðurkenningarskjal frá skólanum og þrír efstu á hverju stigi fengu verðlaun frá Arionbanka sem hér segir:

1. verðlaun kr. 25.000,-
2. verðlaun kr. 20.000,-
3. verðlaun kr. 15.000,-

Þess má geta að nemendur annarra framhaldsskóla í Reykjavík, þar sem ekki hefur verið í boði franska, latína, gríska, fornfræði og málvísindi hafa fengið að sækja hér tíma og hefur gefist vel.

### **Sérstakar áherslur / sérsvið skólans:**

Menntaskólinn í Reykjavík á sér langa sögu og margar hefðir sem starfsmenn skólans leggja sig fram um að hlúa að í samstarfi við nemendur skólans.

Menntaskólinn í Reykjavík hefur verið bóknámsskóli til 4 ára en sl. haust innrituðust nemendur inn á þriggja ára námsbrautir. Boðið er upp á markvisst og öflugt nám á tveimur brautum, náttúrufræðibraut og málabraut sem síðan skiptist í deildir með ólíkum áherslum. Skólinn á í góðu samstarfi við viðtökuskóla nemenda og reynir að uppfylla þær kröfur sem þar eru settar um undirbúning til frekara náms. Menntaskólinn í Reykjavík er nú eini skólinn á landinu sem býður upp á sérstaka fornmaladeild og hefur mikinn hug á að efla hana enn frekar og styrkja hana í sessi og er undirbúningsvinna hafin vegna þessa í komandi námskrá.

Eins hafa nokkrir starfsmenn við skólann viðrað hugmynd á námsframboði í raungreinum á 4. þrepi sem gæti nýst stúdentum sem þurfa viðbótarmenntun í þessum greinum. Viðtökuskólar hafa lýst yfir ánægju með undirbúning í þessum greinum hér og teljum við að skólinn búi yfir vel menntuðu og sterku teymi til að geta farið af stað með þetta námstilboð sem og afar góða aðstöðu til verklegrar kennslu. Slíkt yrði að vera í samstarfi við Menntamálaráðuneytið.

Skólinn sótti um það til Menntamálaráðuneytisins fyrir þremur árum að fá að taka inn nemendur úr 9. bekk grunnskólans en því erindi skólans var hafnað án nokkurs rökstuðnings. Reynt hefur verið að finna leiðir til að útfæra þessa hugmynd vegna fjölda fyrirspurna frá foreldrum nemenda sem hefðu kosið að velja þessa námsleið fyrir börn sín. Viðruð hefur verið sú hugmynd að leita eftir samstarfi við Reykjavíkurborg og Menntamálaráðuneytið og að fá að bjóða nemendum sem lokið hafa 9. bekk upp á ársnám sem byggðist á námskrá 10. bekkjar og nokkrum áföngum úr fyrsta ári framhaldsskólans til að nemendur kæmu betur undirbúnir að takast á við þriggja ára framhaldsskólann.

Ný námskrá skólans miðuð við þriggja ára nám tók gildi frá og með haustinu 2016 og í haust hlaut námskráin staðfestingu Menntamálastofnunar og menntamálaráðherra.

Menntaskólinn í Reykjavík hefur átt því láni að fagna að eiga afar gott samstarf við foreldrafélag MR, sem er það elsta í framhaldsskólasamfélaginu á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Hafa fulltrúar þess stutt skólann vel og tekið virkan þátt í starfi nemenda og forvarnastarfi skólans sem starfsmenn skólans telja að hafi skilað sér verulega í betra og heilbrigðara félagslífi.

Að lokum verð ég að fá að minnst á húsnæðismál skólans. Það er með hreinum ólíkindum hversu lengi ætlar að dragast að taka á brýnum húsnæðisvanda skólans þrátt fyrir samninga ríkisvaldsins og Reykjavíkurborgar um byggingaáform við skólann. Það er komið á þriðja áratug frá því að efnt var til hugmyndasamkeppni um nýtingu Menntaskólareitsins. Það eru miklar væntingar til þess að tekið verði með myndarlegum hætti á húsnæðisvanda skólans. Ég bind enn miklar vonir við að nú styttest í að ríkisvaldið og Reykjavíkurborg sýni stórhug í verki og verði samhent um að bæta úr húsnæðisvanda skólans með myndarlegum hætti.

Virðingarfyllst,

Yngvi Pétursson, rektor  
Menntaskólans í Reykjavík

Fylgiskjöl:

## 02301 Menntaskólinn í Reykjavík - rekstraráætlun 2017

Helstu liðir	2016 Rauntölur	2017 02301	Breyting milli ára	%
Launakostnaður	734.011.236	777.512.615	43.501.379	5,9%
Ferðir o.fl.	6.735.128	4.458.897	-2.276.231	-33,8%
Rekstur	10.106.586	10.382.000	275.414	2,7%
Þjónusta	18.092.316	18.880.000	787.684	4,4%
Húsnæði	70.466.223	73.228.900	2.762.677	3,9%
Bifreiðar	199.667	200.000	333	0,2%
Skattar, fjármagnskostn.	1.116.874	50.000	-1.066.874	-95,5%
Eignarkaup	2.613.344	12.000.000	9.386.656	359,2%
Tilfærslur	330.000	330.000	0	0,0%
<b>Rekstrarkostnaður alls</b>	<b>843.671.374</b>	<b>897.042.412</b>	<b>53.371.038</b>	<b>6,3%</b>
<b>Sértekjur</b>	<b>48.762.807</b>	<b>36.350.000</b>	<b>-12.412.807</b>	<b>0</b>
<b>Mismunur tekna og gjalda</b>	<b>794.908.567</b>	<b>860.692.412</b>	<b>65.783.845</b>	<b>8,3%</b>
Afstemmingartala úr síðunni innlestur:		860.692.412		
<b>Til ráðstöfunar</b>				
skv. fjárlögum	781.500.000	837.300.000	55.800.000	7,1%
frá fyrra ári	5.083.609	14.348.996	9.265.387	182,3%
annað	22.673.954	10.700.000	-11.973.954	-52,8%
<b>Fjárheimildir alls</b>	<b>809.257.563</b>	<b>862.348.996</b>	<b>53.091.433</b>	<b>6,6%</b>
<b>Rekstrarafkoma ársins</b>	<b>14.348.996</b>	<b>1.656.584</b>	<b>Afgangur</b>	

Rekstraryfirlit 2016 (sjá meðfylgjandi skrá)

[Rekstraryfirlit Menntaskólans í Reykjavík 2016](#)